

Mál nr. 18a/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 14. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 18a/2013

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann Z við tíkina Q þar sem hvorugur hundurinn var með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. október 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 13. nóvember. Svar dags. 28. október barst siðanefnd og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarovottorði var rakkinn Z paraður við tíkina Q hinn 24. september 2012. Hundarnir eru af kyninu Samoyed og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að misskilningur um gildistíma augnskoðunarovtorða og ófullnægjandi upplýsingaöflun væri um að kenna. Þá spilaði reynsluleysi einnig inni því þetta væri fyrsta got ræktanda. Beðist er innilegrar afsökunar á mistökunum og kveðst kærða nú hafa kynnt sér allar reglur sem viðkoma ræktun. Kærða kveðst bera virðingu fyrir reglum félagsins og hefur einsett sér að fylgja þeim og hér hafi verið um að ræða mistök án brotavilja og vanvirðingar. Þá liggur það fyrir að tíkin hefur nú verið augnskoðuð og staðist þá skoðun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Samoyed:

„Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru settir í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 24. september 2012 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Samoyed skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins.

Kemur þá til skoðunar hver viðurlög eru við brotinu. Kærða hefur borið við misskilningi og reynsluleysi varðandi þessa fyrstu pörun hennar og hún hefur heitið því að fylgja reglum félagsins framvegis. Þá hefur hún nú farið með tókina í augnskoðun sem hún til allra heilla stóðst. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist augnskoðun eftir. Reglan um augnskoðun er sett til þess að fyrirbyggja það að undaneldisdýr beri með sér arfgengan sjúkdóm. En kærða hefur ekki svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og telur siðanefnd því hæfileg viðurlög vera áminning.

IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir